



LEI1B05

Námsáætlun, haustönn 2020

Kennari/kennarar:

Guðný María Jónsdóttir

Netfang/netföng:

gudny@bhs.is

Lýsing:

Grunnáfangi í leiklist. Í áfanganum fá nemendur innsýn í leiklistarheiminn, sjálfstraust þeirra er styrkt og framkoma æfð. Lögð er áhersla á að þjálfra samvinnuhæfni, örugga framkomu, framsögn og virkra hlustun. Farið er í grundvallaratriði í spuna með áherslu á hópefli, sjálfstraust, líkams- og raddbeitingu. Nemendur eru þjálfaðir í framsögn, textameðferð og kynningartækni. Farnar eru vettvangsferðir í menningartengdar stofnanir og rýnt í leiksýningar sem hópurinn sér saman.

Þekking, leikni, hæfni:

Að nemendur þekki listformið leiklist. Skilji gildi markvissrar framkomu og efli með sér örugga framkomu. Þekki mátt og uppbyggingu áhrifaríks flutnings texta. Að nemendur þjálfist í að tala máli sínu og eflist í að tjá skoðanir sínar á markvissan hátt. Þekki aðferðir til slökunar og að vinna gegn streitu. Nemandi geti nýtt eigið hugarflug og sköpunarmátt til tjáningar.

Námsmat:

Símat, byggt á virkni og þátttöku í tímum, verkefnamat, lokapróf.

Verkefni 1 – senur 20%

Verkefni 2 - Eintaklingsverkefni – 20%

Verkefni 3 - Leikhússkýrslur – 20%

Virkni og þátttaka – 20%

Verkefni 4 - Lokapróf/sýning – 20%

Námsgögn:

Námsgögn verða á INNU en að öðru leiti útveguð af kennara eða liggja fyrir á bókasafni skólans

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendur kaupa leikhúsmiða á leiksýningar þegar hægt verður að fara aftur í leikhús. Farið er á leiksýningar á kvöldin og nemendur vinna verkefni í tengslum við þær leikhúsferðir. Nemendur mæta að auki einu sinni að kveldi á sameiginlegt leiklistarkvöldi. Dagsetningar kynntar um leið og allt skýrist varðandi COVIT. Kennsluáætlun getur tekið einhverjum breytingum eftir aðstæðum.



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
34	18.-21. ágúst	Kynning áfanganum – hópefli	
35	24.-28. ágúst	Hópefli – spuni – heimildarmynd	
36	31. ág.- 4. sept.	Spuni – líkamsvitund - innlögn skilaverkefni 1- senur	
37	7.-11. sept.	Spuni – traustæfingar – æfingar	
38	14.-18. sept.	Æfingar á senum – meðferð talaðs máls	
39	21.-25. sept.	Æfingar á senum – vettvangsferð	
40	28.sept- 2. okt.	Æfingar á senum – skil á verkefni 1: sýning á senum – kvöldmæting ef ástandi leyfir	Varða I
41	5.-9. okt.	Heimildarmynd – innlögn verkefni 2: nemendafyrirlestur	
42	12.-16. okt.	Ljóð eru góð – nemendafyrirlestur, skil verkefni 2	
43	19.-23. okt.	Ljóð – ljóðaslamm – spuni - Persónusköpun	Haustré
44	26.-30. okt.	Kvikmynd – Hver var Shakespeare?	
45	2.-6. nóv.	Tékkneskur spuni – æfingar – leiklestur	Varða II
46	9.-13. nóv.	Æfingar fyrir lokaverkefni Verkefni 4: Ljóða ljóð um mig	
47	16.-20. nóv.	Shakespeare annar	
48	23.-27. nóv.	Æfingar fyrir lokaverkefni	
49	30.nóv.- 4. des.	Æfingar fyrir lokaverkefni	
50	7.-11. des.	Lokaverkefni – skil	Kennslu lýkur
51	14.-17. des.	Einkunnaskil- óhefðbundin dagskrá	Varða III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.